

28. október	29. október	30. október	31. október	1. nóvember	2. nóvember
<p><b>MÍÐVIKUDAGUR</b></p> <p>□ 20.00 <b>Bókasafn Akraness</b> Upptaktur að Vökudögum - Rökkurtónleikar - Soffía Björg og Lára Rúnars</p>	<p><b>FIMMTUDAGUR</b></p> <p>□ 16.00 – 17.00 <b>Bókasafn Akraness</b> Lengi býr að fyrstu gerð. Tónlistararfur frá Kirkjuhvoli</p> <p>□ 17.00 <b>Kirkjuhvoli</b> Myndlistarsýning Aldís Petra</p> <p>□ 17.30 <b>Bióhöllin</b> Ungir gamlir</p> <p>□ 17.00 – 18.00 <b>Bókasafn Akraness</b> Ljósmyndasýning - Fluglarnir í garðinum Opnun</p> <p>□ 18.00 <b>Sjúkrahús Akraness, anddyri</b> Altarísklæði frá Miklagarði – Myndlistarsýning Höddu</p> <p>□ 18.00 <b>Skökkinn</b> Myndlist - Tinna Royal</p> <p>□ 18.00 <b>Vitakaffi</b> Ljósmyndaklúbburinn Höfrungur - Ljósmyndasýning</p> <p>□ 19.00 <b>Tónlistarskólinn</b> Myndlist og tónlist Samspil - Gyða, Drífa og Elsa María</p> <p>□ 20.00 <b>Tónberg</b> Samspil – Tónleikar í tilefni opunar</p> <p>□ 20.30 <b>Bióhöllin</b> Ungir gamlir</p>	<p><b>FÖSTUDAGUR</b></p> <p>□ 17.00 <b>Höfði</b> Opnun listasýningar</p> <p>□ 18.00 – 18.30 <b>Bókasafn Akraness</b> Fjóluskýldusöngstund</p> <p>□ 19.30 <b>Skólabraut 26 - 28</b> Ljósmyndasýning Vítans - Opnun</p> <p>□ 21.00 <b>Gamla Kaupfélagið</b> Blúshátíð Akraness 2015</p>	<p><b>LAUGARDAGUR</b></p> <p>□ 13.00 – 16.00 <b>Samsteypan</b> Opnar vinnustofur</p> <p>□ 14.00 – 16.00 <b>Sýningarsalur Bíláss</b> Myndlist - Eftirmálar Ernu Hafnes</p> <p>□ 16.00 <b>Akranesviti</b> Blúsað í Akranesvita</p> <p>□ 16.00 <b>Kirkjubraut 8</b> Þar sem maður hittir mann - Opnun</p> <p>□ 16.00 <b>Vinaminni</b> Klassík og kræsingar - Kammertónleikar Kalmans listafélags</p> <p>□ 16.00 <b>Safnaskálinn</b> Á fætur - Myndlist - Guðmundur Sigurðsson</p> <p>□ 16.30 <b>Akranesviti</b> Opnun sýningar Breiðin okkar - elstu deildir leikskólanna</p> <p>□ 21.00 <b>Gamla Kaupfélagið</b> Blúshátíð Akraness 2015</p>	<p><b>SUNNUDAGUR</b></p> <p>□ 14.00 <b>Vesturgata 32</b> Stofutónleikar í Haraldarhúsi</p> <p>□ 15.00 <b>Safnasvæðið</b> Saga Ilknandi handa Leiðsögn</p> <p>□ 20.00 <b>Akraneskirkja</b> Sálmar við athafnir lífsins</p> <p>□ 20.00 <b>Hátt/Lágt í Akranesvita</b> Rósa Guðrún og fleiri</p>	<p><b>MÁNUDAGUR</b></p> <p>□ 17.00 - 19.00 <b>Grundaskóli</b> Lagt í vörðuna, leið að sjálfbærni</p> <p>□ 18.30 – 21.30 <b>Matarbúr Kaju</b> Styrkjandi og nærandi Námskeið</p> <p>□ 20.00 – 22.00 <b>Bókasafn Akraness</b> Skjálffhent sögum við sögur úr sjó - Rithöfundakvöld</p>



Finndu okkur á facebook Vökudagar á Akranesi



Merktu myndir á Instagram með #vokudagar2015

☑ Merktu við þá viðburði sem þú hefur áhuga á

☑ Kostar inn á viðburði

3. nóvember	4. nóvember	5. nóvember	6. nóvember	7. nóvember	8. nóvember
<p><b>ÞRIÐJUDAGUR</b></p> <p>□ 16.00 <b>Tónberg</b> Leikskólinn Vallarsel - Vökudagatónleikar</p> <p>□ 17.00 – 19.00 <b>Grundaskóli</b> Lagt í vörðuna, leið að sjálfbærni</p> <p>□ 19.00 – 20.30 <b>Grundaskóli</b> Viðhorf, vinnubrögð og félagsleg umgjörð árangurs - fyrirlestur</p> <p>□ 20.00 <b>Tónberg</b> Duo Ultima – Flash-back, horft til fortíðar, evrópsk tónlist frá miðri síðustu öld</p>	<p><b>MÍÐVIKUDAGUR</b></p> <p>□ 15.00 <b>Tónberg</b> Nemendatónleikar</p> <p>□ 16.00 <b>Tónberg</b> Nemendatónleikar</p> <p>□ 17.00 <b>Tónberg</b> Nemendatónleikar</p> <p>□ 20.00 <b>Tónberg</b> Glæsilegir afmælistónleikar</p> <p><i>Milli tónleika er boðið upp á kaffi, límonaði og afmælistöku</i></p>	<p><b>FIMMTUDAGUR</b></p> <p>□ 17.00 – 18.00 <b>Akratorg</b> Hvaða kellingar Söguganga</p> <p>□ 18.30-19.30 <b>Bókasafn Akraness</b> Alexandra og Guðrún</p> <p>□ 20.00 <b>Garðakaffi</b> Átökin á Norður-Irlandi Orsök og afleiðingar</p> <p>□ 20.00 <b>Miðgarður</b> Kór Saurbæjarsóknar</p> <p>□ 20.00 <b>Golfklúbburinn Leynir</b> Viskýsmökkin - Námskeið</p> <p>□ 21.00 <b>Gamla Kaupfélagið</b> Tónleikar - Ragnheiður Helga Bergmann Hafsteinsdóttir</p>	<p><b>FÖSTUDAGUR</b></p> <p>□ 13.00 – 17.00 <b>Kirkjubraut 40</b> Markaður</p> <p>□ 20.30 <b>Á sal Grundaskóla</b> Karalákórinn Svanir Afmælishátíð</p> <p>□ 20.30 – 22.00 <b>Gamla ÞPP húsið, Dalbraut 6</b> Styrktartónleikar Fjölliðjunnar</p> <p>□ 21.00 <b>Garðakaffi</b> Belleville Tónleikar</p>	<p><b>LAUGARDAGUR</b></p> <p>□ 14.00 – 18.00 <b>Smíðjan Görðum</b> Eldsmíðanámskeið</p> <p>□ 14.00 – 16.00 <b>Bókasafn Akraness</b> Fyrirlestur og tónlist</p> <p>□ 17.00 <b>Akranesviti</b> Vox Feminae kvennakór – Ástin og hafið - fyrri tónleikar</p> <p>□ 18.00 <b>Akranesviti</b> Vox Feminae kvennakór – Ástin og hafið - seinni tónleikar</p>	<p><b>SUNNUDAGUR</b></p> <p>□ 10.00 - 14.00 <b>Smíðjan Görðum</b> Námskeið í eldsmíði</p> <p>□ 16.00 <b>Akraneskirkja</b> Lítill saga úr orgelhúsi</p>

## J gangi alla Vökudagana

Gallerí Bjarni Þór - Ævintýravegurinn  
 Heilbrigðisstofnun Vesturlands – myndlistarsýning - Teigasel  
 Smíðjutorg – myndlistarsýning - Akrales  
 Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili – ljósmyndasýning Það sem auga mitt sér – Garðasel  
 Tónlistarskólinn anddyri – ljósmyndasýning - Vallarsel  
 Akranesviti 1. hæð – Málverkasýning – Anna S. Helgadóttir  
 Akranesviti 2. hæð – Ljósmyndasýning - Þórdís Björnsdóttir  
 Akranesviti 3. hæð – Listasýning – Hafið og fjaran – 4. bekkur Brekkubæjarskóla  
 Akranesviti 4. hæð – Ljósmyndasýning – Jón Hilmarsson



Athugið að dagskráin getur breyst, fylgist með á [www.akranes.is](http://www.akranes.is)



Vökudagar

# Í GANGI ALLA VÖKUDAGANA

---

## **Gallerí Bjarni Þór**

Að venju verður Gallerí Bjarni Þór með á Vökudögum. Ævintýraveggurinn verður í flæðinu alla dagana. Ævintýraveggurinn er styrktur af Uppbyggingasjóði Vesturlands.

## **Heilbrigðisstofnun Vesturlands - myndlistarsýning - Teigasel**

Börn af Miðteigi, leikskólanum Teigasei sýna myndir.

## **Smiðjutorg - myndlistarsýning - Akrasel**

Börn af leikskólanum Akraseli, klettabúar sýna myndir og myndverk.

## **Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili - ljósmyndasýning - Garðasel**

Elstu börnin í leikskólanum Garðasei. Ljósmyndasýningin, *Það sem auga mitt sér*.

## **Tónlistarskólinn anddyri - ljósmyndasýning - Vallarsel**

Næst elstu börnin á leikskólanum Vallarseli sýna ljósmyndir.

## **Akranesviti 3 hæð - Hafið og fjaran - listasýning - 4. bekkur Brekkubæjarskóla**

Nemendur í 4. bekk í Brekkubæjarskóla hafa unnið myndverk, þrívíddarverk, ljósmyndir, skartgrip og ljóð sem sýnd verða í Akranesvita alla Vökudagana. Allt eru þetta verk sem tengjast þemanu hafið og fjaran og eru unnin sérstaklega til að sýna á Vökudögum.

## **Akranesviti 4. hæð - ljósmyndasýning**

Jón Hilmarsson, skólastjóri Heiðarskóla verður með ljósmyndasýningu á fjórðu hæð vitans.



## 28. október miðvikudagur

---

**20.00 Bókasafn Akraness - Upptaktur að Vökudögum, rökkurtónleikar**  
Kvennatónar. Lára Rúnars og Soffía Björg.

## 29. október fimmtudagur

---

**16.00 - 17.00 Bókasafn Akraness - Lengi býr að fyrstu gerð, tónlistararfur frá Kirkjuhvoli**  
**Opnunatriði Vökudaga.** Í tilefni af því að minnst er 100 ára afmælis kosningaréttar og kjörgengis kvenna verður sett upp sýning með ljósmyndum og stuttu æviágripi þriggja kynslóða kvenna sem bjuggu á Akranesi frá upphafi þriðja áratugar síðustu aldar. Þær eru Kirstín Katrín Pétursdóttir Guðjohnsen (1850-1940), dóttir hennar Valgerður Lárusdóttir Briem (1885-1924) og barnabarn Halldóra Valgerður Briem (1913-1993). Þær báru með sér arf tónlistar í söng og píanóleik úr uppeldi sínu og miðluðu þeim arfi til afkomenda. Sýningin tengist fyrirlestrinum „Tónskáldin á Kirkjuhvoli - konur og tónlist“ sem boðið er upp á 7. nóvember í Bókasafninu. Sýningin er stykt af Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Allir velkomnir, frítt inn.

**17.00 - 18.00 Bókasafn Akraness - Ljósmyndasýning - Fuglarnir í garðinum – opnun**  
Ljósmyndir eftir hjónin Helgu Guðmundsdóttur og Inga Steinar Gunnlaugsson. Þema sýningarinnar eru fuglar í görðum Akurnesinga, bæði staðbundnir fuglar sem og flækingsfuglar.  
Boðið verður upp á kaffi og konfekt. Sýningartímabil: 29. október - 13. nóvember, opið á opnunartíma safnsins. Allir velkomnir, frítt inn.

### **17.30 Bíóhöllin - Ungir gamlir**

Hinu árlega tónlistarverkefni **Ungir gamlir** lýkur að venju með tvennum stórglæsilegum tónleikum í Bíóhöllinni. Verkefnið fór fram í fyrsta skiptið í nóvember 2006. Markmið tónlistarverkefnisins er að gefa hinum yngri tónlistarmönnum á Akranesi tækifæri til að vinna með reyndara fólki og auka þannig líkurnar á því áhugi þeirra fleyti þeim lengra á sviði tónlistarinnar. Áhugasamir nemendur taka þá þátt í stuttum námskeiðum með þekktum tónlistarmönnum og setja svo upp stórglæsilega tónleika. Í ár koma þau Friðrik Dór og Ragnheiður Gröndal og spila með hinum ungu tónlistarmönnum.

**18.00 Sjúkrahús Akraness, anddyri - Altarisklæði frá Miklagarði - myndlistarsýning Höddu**  
Hadda, Guðrún H. Bjarnadóttir býr að Fífilbrekku, í Eyjafirði. Hún stundaði meðal annars kennaranám við Listaháskóli Íslands, í málunardeild við Myndlistaskólann á Akureyri, við estetisk linje í Eskilstuna folkhögskola í Svíþjóð og vefnað við KomVox í Svíþjóð. Hadda hefur haldið fjölda einkasýninga og samsýninga. Haldið námskeið og kennt víða, aðallega



## Vökudagar

handmennt en einnig myndlist. Tekið að sér sýningastjórn og haldið fyrirlestra. Hadda hefur rekið gallerí ásamt öðrum, fyrst í Svíþjóð, Grófina, opin vinnustofa og gallerí í Listagilinu á Akureyri og Samlagið-listhús einnig í Listagilinu. Nú rekur hún eigið galleri og vinnustofu Dyngjuna-listhús í Eyjafjarðarsveit. Bærinn Mikligarður er rétt sunnan við Dyngjuna listhús en þar var kirkja á miðöldum. Hadda sýnir verk unnin undir áhrifum af refilsaumðu altarisklæði frá Miklagarðskirkju, sem varveitt er í Þjóðminjasafni Dana og mun vera frá miðri 16.öld. Hún hefur helgað handverki fyrri tíð sína starfskrafta og menningararfi sem birtist í því. Verkin á sýningunni eru unnin út frá formum klæðisins úr Miklagarðskirkju.

### 18.00 Vitakaffi - Ljósmyndaklúbburinn Höfrungur – Ljósmyndasýning

Nýr ljósmyndaklúbbur hefur verið stofnaður sem leggur áherslu á ferðir til ljósmyndunar. Í klúbbnum eru um 20-30 virkir meðlimir sem setja nú upp sína fyrstu sýningu saman. Sýningin er opin á opnunartíma Vitakaffis.

### 18.00 Skökkin - Tinna Royal - myndlist

Ég kalla mig Tinnu Royal og lærði í myndlistaskólanum á Akureyri, og veit ekki ennþá hvað ég vil verða þegar ég verð stór. Á meðan skapa ég fallett. Sýningartímabili lýkur þann 30. nóv. Allir velkomnir, frítt inn.

### 19.00 Tónlistarskólinn - Myndlist og tónlist - *Samspil*

Gyða L. Jónsdóttir Wells, bæjarlistamaður Akraness árið 2015 ásamt Drífu Gústafsdóttur og Elsu Maríu Guðlaugsdóttur opna myndlistarsýningu sem þær nefna Samspil. Í framhaldi af opnun, kl. 20.00 verða tónleikar í Tónbergi, þar sem vinir Gyðu leika, en það eru; Haukur Guðlaugsson, Gunnar Kvaran, Guðný Guðmundsdóttir, Hilmar Örn Agnarsson og Björg Þórhallsdóttir. Allir velkomnir, frítt inn.

### 20.30 Bíóhöllin - *Ungir gamlir*

Hinu árlega tónlistarverkefni *Ungir gamlir* lýkur að venju með stórglæsilegum tónleikum í Bíóhöllinni. Í ár koma þau Friðrik Dór og Ragnheiður Gröndal og spila með hinum ungu tónlistarmönnum.

## 30. október föstudagur

---

### 17.00 Höfði - opnun listasýningar

Að venju verður ljósmyndasýning elstu leikskólabarna Garðasels á Höfða en þau sýna ásamt listamönnum Nínu Stefánsdóttur sem malar olíu á striga, Jóhönnu Vestmann sem malar með vatnslitum og olíu og Ásgeiri Samúelssyni sem sýnir útskorið handverk. Boðið verður upp á tónlistaratriði og léttar veitingar. Allir velkomnir, frítt inn.



## Vökudagar

### **18.00 - 18.30 Bókasafn Akraness - fjölskyldusöngstund**

Skólakór Grundaskóla aðstoðar við sönginn og syngur nokkur lög fyrir gesti. Líkt og áður er söngstundin ætluð börnum á aldrinum 2-10 ára í fylgd með fullorðnum en allir eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir. Sungin verða ýmis skemmtileg lög sem flestir kannast við. Þetta er í fimmta skipti sem Fjölskyldusöngstund er haldin á Vökudögum. Umsjón hefur Valgerður Jónsdóttir, söngkona og tónmenntakennari.

### **19.30 Skólabraut 26 - 28 - opnun - ljósmyndasýning Vitans**

Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi, opnar sýningu á ljósmyndum í „gamla Akrasportshúsinu“. Sýningunni lýkur sunnudaginn 8. nóvember. Opið er virka daga kl. 15.00 - 19.00 og um helgar kl. 13.00 - 18.00. Að venju verður um metnaðarfulla og fjölbreytta sýningu að ræða. Allir velkomnir og frítt inn.

### **21.00 Gamla Kaupfélagið - Blúshátíð Akraness 2015**

Tveggja daga tónlistarhátíð í Gamla Kaupfélaginu og í Vitanum á Breiðinni. Hátíðin er nú haldin í 7. sinn. Þar kemur fram landsþekkt tónlistarfólk ásamt tónlistarfólki af „Stór Akranessvæðinu“. Samstarf verður við Tónlistarskólann, grunnskóla og FVA á Akranesi til að styðja við listsköpun ungs fólks.

Hljómsveitir föstudagsins eru eftirfarandi. Nýliðar flytja blús í boði Tónlista- og grunnskóla Akraness, KK og Maggi Eiríks og The Reykjavík Hipshakers. Miðasala við innganginn.

## 31. október laugardagur

---

### **13.00 - 16.00 Samsteypan - opnar vinnustofur**

Heitt á könnunni og fólk verður að vinna að sinni list. Samsteypan var stofnuð formlega í júní á þessu ári en helstu markmið hópsins er meðal annars að veita hópi listafólks á Akranesi tækifæri og aðstöðu til að vinna að listsköpun sinni og að efla og auðga menningarlíf í bænum. Allir velkomnir, frítt inn.

### **14.00 - 18.00 Kirkjuhvoll - Aldís Petra Sigurðardóttir - opnun málverkasýningar**

Aldís er 24 ára gömul, fædd og uppalin á Skaganum. Fyrstu kennarar hennar voru Bjarni Þór og Hrönn Eggertsdóttir og vöktu þau áhuga hennar á því að vilja verða listamaður. Hún hefur stundað nám í FVA, myndlistabraut í FB og LHÍ. Það sem heillar hana mest eru mistökin eða það óvænta í hverju málverki. Ein mynd getur verið falleg, bara út af einhverju einu litlu smáatriði. Sýning Aldísar á Vökudögum er innblásin af stól sem hún hannaði og gerði úr járn. Hún málaði hann með séstrakri málingu fyrir járn sem þoldi að vera úti og spornaði gegn ryði. Áferðin á málingunni heillaði hana mikð, hún er glansandi og blandast skemmtilega saman á mjög tilviljunarkenndan hátt. Opið 1. nóv. 14.00 - 18.00 og virka daga kl 16.00 - 18.00. Allir velkomnir, frítt inn.



## Vökudagar

### **14.00 - 16.00 Sýningarsalur Bíláss - Eftirmálar Ernu Hafnes**

Erna Hafnes myndlistarkona og bæjarlistamaður Akraness árið 2014 opnar myndlistarsýningu sína Eftirmála. Sigrún Þorbergsdóttir þverflautuleikari mun koma fram á opnuninni. Sýningin stendur til 13. nóvember, en opið er á Bíláss alla virka daga milli klukkan 10.00- 18.00 og laugardaga milli klukkan 10.00- 14.00.

### **16.00 Akranesviti - Blúsað í Akranesvita**

Blúsgjörningur í Vitanum. Allir velkomnir, frítt inn.

### **16.00 Kirkjubraut 8 - Þar sem maður hittir mann – Opnun**

...að heilsast og kveðjast það er lífsins saga (Páll J. Árdal). Samsýning 9 nemenda og 4 kennara úr Grundaskóla. Leiðbeinandi verkefnisins er Helena Guttormsdóttir listakona sem opnaði verkefnið og hjálpaði þátttakendum að hugsa út í það hvar og hvernig maður hittir mann. Markmiðið er að samþætta ólíkar listgreinar og stuðla að samvinnu nemenda og kennara óháð aldri og reynslu. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Akraneskaupstað og lýkur með sýningu á Vökudögum. Sýningin verður opin á Vökudögum frá 31. okt. - 7. nóv. Virka daga kl. 16.00 - 18.00 og um helgar kl. 14.00 - 18.00. Allir velkomnir, frítt inn.

### **16.00 Vinaminni - Klassík og kræsingar - Kammertónleikar Kalmans listafélags**

Í Vinaminni að þessu tilefni má hlýða á hinn fræga Silungakvintett eftir Franz Schubert og píanókvintett númer 1 í a-moll opus 30 eftir franska tónskáldið Louise Farrenc en Louise var samtímakona Schuberts í byrjun 19. aldar og heyrst þetta fallega verk hennar afar sjaldan. Hljóðfæraleikarar eru þau Ingunn Hildur Hauksdóttir píanó, Greta Guðnadóttir fiðla, Guðrún Þórarinsdóttir víóla, Bryndís Björgvinsdóttir selló og Þórir Jóhannsson, kontrabassi. Fyrir tónleika gefst tónleikagestum tækifæri á að gæða sér á sérbökuðu bakkelsi frá þessu tímabili í tónlistarsögunni. Aðgangseyrir kr. 2.000/Kalmansvinir 1.500. Tónleikarnir eru liður í Landsbyggðartónleikum Félags Íslenskra tónlistarmanna 2015.

### **16.00 Safnaskálinn - Á fætur - Opnun myndlistarsýningar**

Guðmundur Sigurðsson er mikill hagleiks- og hugsjónamaður sem leggur meðal annars stund á eldsmíði, fornt og göfugt listform. Auk þess að vera öflugur eldismiður er Guðmundur mikill hagleiksmaður á tré. Hann hefur til að mynda smíðað og skorið út margskonar dýr sem eru staðsett í Garðalundi. Guðmundur opnar nú afmælisýningu sína en hann fagnar stórafmæli þennan dag. Allir velkomnir, frítt inn.

### **16.30 Akranesviti opnun sýningar - Breiðin okkar**

Elstu deildir allra leikskóla Akraness komu í heimsókn á Breið og fengu sögulega kynningu um svæðið. Í framhaldinu unnu börnin listaverk sem þau tengdu við Breiðina. Allir velkomnir, frítt inn. Sýningin verður í vitanum fram á haust 2016.

### **21.00 Gamla Kaupfélagið - Blúshátíð Akraness 2015**



Tveggja daga tónlistarhátíð. Hljómsveitir laugardagsins eru Beebee and the bluebirds, Hljómsveitin Vor og Hljómsveitin Hjálmar. Miðasala við innganginn.

## 1. nóvember sunnudagur

---

### **14.00 Vesturgata 32 - Stofutónleikar í Haraldarhúsi**

Hanna Þóra Guðbrandsdóttir, sópran söngkona og Birgir Þórisson, píanóleikari koma fram á tvennum tónleikum þennan dag, kl. 18.00 og 20.00. Efnisskráin er fjölbreytt, en flutt verður tónlist eftir Edvard Grieg og Kurt Weill í bland við íslensk dægurlög. Tónleikarnir eru um 40 mínútur. Hugmyndin er að flytja fallega og skemmtilega tónlist í heimilislegu umhverfi þar sem nándin við listamennina spilar stóran hlut. Allir velkomnir, frítt inn.

### **15.00 Safnasvæðið - Saga líknandi handa – leiðsögn**

Ingibjörg Pálmadóttir tekur á móti gestum í Garðakaffi og segir sögu sýningarinnar *Saga líknandi handa*. Eftir fyrirlesturinn ganga gestir frjálst um sýninguna en þar má fræðast um sögu 19 kvenna, alþýðuhetja sem hafa annast um sjúka á Akranesi jafnt sem fæðandi konur. Kaffi á könnunni og allir velkomnir, frítt inn.

### **20.00 Akraneskirkja - Sálmar við athafnir lífsins**

Mikinn fjársjóð er að finna í sálmum kirkjunnar. Þeir hafa verið lesnir og sungnir í gegnum aldirnar, fólki til huggunar og gleði. Sálmafjársjóðurinn er ávallt í endurnýjun. Þessa kvöldstund mun Kór Akraneskirkju draga fram gamla og þekкта sálma í bland við nýja. Sérstök áhersla er lögð á sálma sem sungnir eru við skírnir, brúðkaup og jarðarfari. Fjölbreyttir sálmar verða fluttir og áheyrendum gefst einnig kostur á að syngja með kórnum. Þá hafa einnig verið valdir nokkrir nýjir sálmar sem verða kenndir þessa kvöldstund. Sr. Þráinn Haraldsson og Sveinn Arnar Sæmundsson munu segja stuttlega frá sálmunum, tilurð þeirra og sögu. Enginn aðgangseyrir og allir hjartanlega velkomnir.

## 2. nóvember mánudagur

---

### **17.00 - 19.00 Grundaskóli - Lagt í vörðuna, leið að sjálfbærni**

Nemendur í 5.-7. bekk Grundaskóla sýna í list- og verkgreinaálmu í kjallara skólans. Sýning fyrir almenning verður 2. og 3. nóv. kl.17.00 -19.00. Heitt á könnunni og tónlistaratriði. Allir velkomnir, frítt inn.

### **18.30 - 21.30 Matarbúr Kaju - Styrkjandi og nærandi – námskeið**

Kolbrún grasalæknir heldur námskeið um jurtir og mat sem vinnur gegn gigt. Farið verður í gegnum hvaða matur er bólgueyðandi, hvaða matur nærir og styrkir. Einnig mat sem hefur slæm áhrif á stoðkerfið og afhverju. Þá verður skoðað hvaða steinefni stoðkerfið þarf og úr



## Vökudagar

hvaða mat þau koma og hvernig hægt er að hreinsa líkamann með mat og jurtum og hvað það gerir fyrir gigt. Skráning er í Matarbúrinu eða kajaorganic@gmail.com eða hjá Karen í síma 8401661. Verð á námskeiðið kr. 5.100.

### **20.00 - 22.00 - Bókasafn Akraness - Skjálfhent sogum við sögur úr sjó – rithöfundakvöld**

Sigurbjörg Þrastardóttir stýrir dagskrá rithöfundakvölds, en fram koma:

Auður Jónsdóttir: Stóri skjálfti

Egill Ólafsson: Egils sögur

Hallgrímur Helgason: Sjóveikur í München

Yrsa Sigurðardóttir: Sogið

Anna Lára Steindal: Undir fíkjutré

Brynja Einaradóttir: Sólarlag

Styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Kaffiveitingar, allir velkomnir, frítt inn.

## 3. nóvember þriðjudagur

---

### **16.00 Tónberg - Leikskólinn Vallarsel - Vökudagatónleikar**

Þar verður sýnt brot af því besta í tónlistarstarfi elstu nemendanna á Hnúki og Stekk í hljóðfæraleik, söng og dansi. Sérstakir gestir okkar eru Margrét Saga Gunnarsdóttir og Marínó Rafn Guðmundsson sem eru í foreldrahópi skólans. Einnig verður ljósmyndasýning næst elstu nemanna á Hnúki og Lundi í anddyri Tónbergs og verður hún opin alla Vökudagana.

### **17.00 - 19.00 Grundaskóli - Lagt í vörðuna, leið að sjálfbærni**

Nemendur í 5.-7. bekk Grundaskóla sýna í list- og verkgreinaálmu í kjallara skólans. Sýning fyrir almenning verður 2. og 3. nóv. kl.17.00 -19.00. Heitt á könnunni og tónlistaratriði. Allir velkomnir, frítt inn.

### **19.00 - 20.30 Grundaskóli - Hefðir í íþróttum – fyrirlestur**

Viðar Halldórsson talar um hefðir í íþróttum og forsendur árangursríkrar hefðar í íþróttastarfi barna, unglinga og fullorðinna. Einnig um hlutverk foreldra í íþróttaiðkun barna og unglinga. Fyrirlesturinn er opinn öllum og eru eldri iðkendur í íþróttastarfi (16 ára +), foreldrar og annað áhugafólk um íþróttir hvatt til þess að mæta. Allir velkomnir, frítt inn.

### **20.00 Tónberg - Duo Ultima - Flashback, horft til fortíðar, evrópsk tónlist frá miðri síðustu öld**

Dúettinn Duo Ultima skipa þeir Guido Bäumer saxófónleikari og Aladár Rácz píanóleikari. Þeir hafa starfað saman í rúm 13 ár, fyrst með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Duo Ultima kemur í fyrsta sinn saman undir þessu nafni á Akranesi en þeir hafa tekið upp þrjá geisladiska og kemur fyrsti diskurinn út á næstunni. Hann nefnist *Horft til baka* og er evrópsk tónlist fyrir saxófón og píanó og er einmitt dagskrá kvöldsins. Mark Zimmer mun kynna hina spennandi og metnarðarfullu dagkrá kvöldsins sem er eftirfarandi:





## Vökudagar

1. **Hans Gál:** Suite (1949). Cantabile Furioso Con Grazia Burla
2. **Paul Hindemith:** Sonate (1943). Ruhig bewegt, lebhaft, sehr langsam, lebhaft
3. **Erwin Schulhoff:** Hot-Sonate (1930) der Funk-Stunde A.G.in Berlin. 4 kaflar án yfirskriftar
4. **Werner Heider:** Sonate in Jazz (1959). 3 kaflar án yfirskriftar
5. **Edison Denisov:** Sonate (1970). Allegro lento allegro moderato

Almennt miðaverð kr. 2000, afsláttur fyrir öryrkja, eldri borgara og námsmenn kr. 1000

## 4. nóvember miðvikudagur

---

Tónlistarskólinn á Akranesi fagnar 60 ára starfsafmæli þann 4.nóvember 2015

Í tilefni dagsins bjóðum við gestum á þrenna stutta tónleika í Tónbergi.

Milli tónleika er boðið uppá kaffi, límonaði og afmælistöku.

15.00 Tónlistarskólinn - Nemendatónleikar

16.00 Tónlistarskólinn - Nemendatónleikar

17.00 Tónlistarskólinn - Nemendatónleikar

20.00 **Þá og nú** - Glæsilegir afmælistónleikar Tónlistarskólans

Núverandi og fyrrverandi nemendur skólans flytja fjölbreytta tónlist.

Kaffiveitingar, verið velkomin að fagna með okkur á þessum tímamótum, frítt inn.

## 5. nóvember fimmtudagur

---

**17.00 - 18.00 Hvaða kellingar – söguganga**

Söguganga í umsjá Bókasafns Akraness og Skagaleikflokksins frá 17. júní sl. endurflutt vegna fjölda áskorana. Lagt af stað frá Akratorgi. Létt ganga, klæðnaður eftir veðri. Þátttaka ókeypis. Styrkt af afmælisnefnd 100 ára kosningarréttar kvenna á Íslandi.

**18.30-19.30 Bókasafn Akraness - Tónlist, söngur og sögur úr verkinu Skáldið og Biskupsdóttirin**

Alexandra Chernyshova sópransöngkona og tónskáld gefur um þessar mundir út sína fyrstu nótnabók fyrir rödd og píanó. Í nótnabókinni eru 14 lög úr óperu Alexöndru *Skáldið og Biskupsdóttirin*. Óperutextinn er eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur og ljóð eru eftir Rúnar Kristjánsson, Hallgrím Pétursson, Daða Halldórsson og Guðnýju Jónssdóttur. Alexandra hefur unnið að útsetningum á lögum og nótnabókinni í eitt ár. Alexandra kynnir bók sína ásamt Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu og kennir lagið Vikivaki úr óperunni. Allir velkomnir, frítt inn.

**20.00 Garðakaffi - Átökin á Norður-Írlandi - orsök og afleiðingar**



## Vökudagar

Sólveig Jónsdóttir, stjórn málafræðingur og rithöfundur, rekur sögu átakanna á Norður-Írlandi í máli og myndum frá upphafi átaka „The Trouble“ til okkar tíma. Félagar úr Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi flytja írsk þjóðlög og baráttusöngva frá tímabilinu. Allir velkomnir, frítt inn. Veitingasala.

### **20.00 Miðgarður - Kór Saurbæjarsóknar - Kaffi, kökur og kórsöngur - Hausttónleikar**

Kór Saurbæjarprestakalls er félagsskapur fólks sem býr í Hvalfjarðarsveit eða á önnur tengsl við sveitirnar sunnan Skarðsheiðar. Upphaf kórsins má rekja til kirkjusöngs í kirkjunum þremur í sveitinni en á síðustu árum má segja að félagsskapurinn hafi orðið trúnni yfirsterkari og meginmarkmið kórfélaga sé að njóta þess að syngja í góðum félagsskap. Tengingin við kirkjuna er þó sterk því kórinn hefur metnað til að syngja við messur og aðrar kirkjulegar athafnir árið um kring. Kórstjórinn, Zsuzsanna Budai er jafnframt organisti í Saurbæjarprestakalli. Hún sér um að blanda veraldlegum lögum við kirkjumúsíkina í hæfilegum skömmtum og nú er komið að því að flytja á tónleikum þann hluta af prógrammi haustsins sem út í veröldina snýr. Á efnisskránni eru íslensk dægur- og ættjarðarlög, gömul og ný. Aðgangseyrir kr. 1.500 (enginn posi á staðnum).

### **20.00 Golfklúbburinn Leynir - Viský kynning – Námskeið**

Golfklúbburinn Leynir heldur nú viskýkynningu. Lengi hefur verið rætt um að vera með viskýkynningu á Írskum dögum, en nú er komið að því... enda ekki eftir neinu að bíða. Skráning í netfanginu [leynir@leynir.is](mailto:leynir@leynir.is) og í síma 431-2711. Skráningu lýkur þriðjudaginn 3.nóv. Einungis 50 sæti.

### **21.00 Gamla Kaupfélagið - tónleikar - Ragnheiður Helga Bergmann Hafsteinsdóttir**

Ragnheiður Helga ólst upp á Akranesi og söngferillinn hófst þegar hún vann fyrstu Hátónsbarkakeppnina sem haldin var 1988. Hún stúderaði söng í FÍH og er að kenna söng í Söngskóla Maríu ásamt því að syngja við ýmis tækifæri. Gítarleikarinn Andri Ívarsson er frá Akureyri. Hann er hæfur gítarleikari sem hefur spilað með ýmsum tónlistarmönnum og er annar helmingur Föstudagslaganna sem er vinsæl síða á Facebook. Þau spila fjölbreytta tónlist, rólegheit og kósí getum við kallað það. Allt frá jazzi upp í lög með Beyonce og Megas. Tónleikarnir byrja kl. 21.00 og aðgangseyrir er kr. 1.500. Enginn posi.

## 6. nóvember föstudagur

---

### **13.00 - 17.00 - Kirkjubraut 40 – markaður**

Félagsstarf eldri borgara og öryrkja verða með sölu af fjölbreyttu handverki félagsmanna. Veitingasala - kaffihlaðborð. Allir velkomnir.

### **20.30 Á sal Grundaskóla - Karlakórinn Svanir - afmælishátíð**

Karlakórinn Svanir á Akranesi á sér hundrað ára sögu, með hléum þó. Kórinn var endurvakinn fyrir þremur árum og er stjórnandi kórsins í dag Valgerður Jónsdóttir. Kórinn ætlar að halda upp á 100 ára afmælið með tónleikum í Grundaskóla 6. nóvember næstkomandi. Þar koma



fram með kórnum Flosi Einarsson píanóleikari og hljómsveitin Dúmbó og Steini sem leikur nokkur lög. Auk þess mun kórinn taka lagið með hljómsveitinni. Miðaverð er kr. 3500 og verður boðið uppá gos, kaffi og kleinur eftir tónleikana.

### **21.00 Garðakaffi – Belleville**

Hljómsveitin Belleville spilar „musette“ tónlist í anda Edith Piaf, sem leikin var á harmonikkuböllum í Frakklandi á fyrri hluta 20. aldar.

## 7. nóvember laugardagur

---

### **14.00 - 18.00 Smiðjan Görðum – eldsmíðanámskeið**

Dagana 7.- 8. nóvember verður námskeið í eldsmíði í smiðjunni á Safnasvæðinu á Akranesi. Bjarni Þór Kristjánsson handverkskennari er alinn upp í umhverfi handverksins. Hann hefur helgað sig varðveislu gamals handverks, svo sem eldsmíði. Þátttakendur eru beðnir um að koma í viðeigandi fatnaði. Nánari upplýsingar í síma 869 4748.

### **14.00 - 16.00 Bókasafn Akraness - fyrirlestur og tónlist**

Una Margrét Jónsdóttir heldur fyrirlestur um framlag þessara þriggja kvenna sem bjuggu í Kirkjuhvoli á Akranesi; Kirstínar Katrínar Pétursdóttur Guðjohnsen, dóttur hennar, Valgerðar Lárusdóttur Briem og barnabarns, Halldóru Valgerðar Briem, til tónlistarsögu kvenna. Í nýlegri rannsókn Unu Margrétar kemur m.a. fram að þær, ásamt með öðrum konum, teljast frumkvöðlar í tónlist á sínu sviði sem tónskáld.

Tónlist þeirra verður flutt af nemendum Tónlistarskóla Akraness í útsetningum Páls Ragnars Pálssonar, afkomanda Kirstínar Katrínar og Valgerðar. Þetta eru m.a. verkin **Hulduljóð** eftir Valgerði Lárusdóttur Briem og **Færirðu heim að fell** eftir Kristínu Katrínu Pétursdóttur Guðjohnsen. Viðburðurinn er styktur af afmælisnefnd 100 ára kosningarréttar kvenna á Íslandi.

### **17.00 og 18.00 Akranesviti - Vox Feminae kvennakór - Ástin og hafið - tvennir tónleikar**

Kvennakórinn Vox feminae syngur undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur. Margrét stofnaði kórinn og hefur stjórnað honum æ síðan. Vox feminae kemur nú sérstaklega til Akraness til að syngja í hinum víðfræga Akranesviti. Lagavalið tengist staðsetningunni og má búast við einstaklega rómantískum efnistöfum. Frítt inn.

### **20.30 - 22.00 Gamla ÞÞÞ Húsinu, Dalbraut 6 - Styrktartónleikar Fjöliðjunnar**

Ungt efnilegt tónlistarfólk ásamt reynsluboltum Tónleikarnir haldnir að frumkvæði Sindra Víðis Einarssonar



## 8. nóvember sunnudagur

---

### **10.00 - 14.00 Smiðjan Görðum - námskeið í eldsmíði**

Nánar, sjá 7. nóvember.

### **16.00 Arkaneskirkja - Lítil saga úr orgelhúsi**

Sýningin Lítil saga úr orgelhúsi er myndskreytt tónlistarævintýri fyrir börn á aldrinum 4-8 ára. Á sýningunni er sagan lesin og myndum varpað á skjá um leið og tónlistin sem fylgir sögunni er leikin á orgel. Ævintýrið leiðir hlustandann inn í töfraheim pípuorgelsins á skemmtilegan hátt. Söguna gerði Guðný Einarsdóttir, organisti en tónlistina samdi Michael Jón Clarke, tónskáld. Sagan fjallar um orgelpípunar sem búa í orgelhúsinu. Það gengur á ýmsu í samskiptum hjá orgelpípunum og Sif litla sem er langminnst, er orðin mjög þreytt á þessu eilífa rifrildi. Hún ákveður að fara í burtu úr orgelhúsinu og finna sér betri stað að búa á. Þá reynir nú heldur betur á hinar orgelpípunar og þær fara að leita að Sif litlu. Sögumaður er Bergþór Pálsson, söngvari, Guðný Einarsdóttir leikur á orgelið og myndskreytingar gerði Fanney Ósk Sizemore. Sagan er um 40 mín í flutningi, engin aldurstakmörk eru, allir geta haft gaman af. Allir velkomnir, frítt inn.

## 9. nóvember - mánudagur

---

### **18.00 - Bókasafn Akraness - Norræn bókasafnavika**

Upplestur og tónlistaratriði. Kvennakórinn Ymur syngur nokkur lög og Guðjón Brjánsson forstjóri HVE les úr Egilssögu. Kaffiveitingar, allir velkomnir. Dagskrá í umsjón Norræna félagsins á Akranesi og Bókasafns Akraness